

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra, Rangárþingi eystra og Ásahreppi.

Pula, Rangárþingi ytra, deiliskipulag frístundabyggðar.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 7. júlí 2011, tillögu að deiliskipulagi frístunda- byggðar úr landi Pulu, Rangárþingi ytra. Tillagan nær til 4 frístundalóða á um 14 ha svæði. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Lýtingur, Rangárþingi ytra, deiliskipulag frístundabyggðar.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 8. desember 2011, tillögu að deiliskipulagi Lýtings, frístundabyggðar úr landi Marteinstungu, Rangárþingi ytra. Tillagan nær til 7 frístundalóða á um 10 ha svæði. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Holtsmúli, Rangárþingi ytra, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 8. desember 2011, tillögu að deiliskipulagi 4 lóða úr landi Holtsmúla 4 í Holtum. Tillagan tekur til lóða fyrir íbúðarhús, frístundahúsa, gestahúsa og útihúsa. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hraunhóll, Rangárþingi ytra, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 8. desember 2011, tillögu að deiliskipulagi Hraunhóls í Landsveit. Tillagan tekur til íbúðarhúss og útihúsa. Tillagan hefur hlotið skipulags- meðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Lyngás, Rangárþingi ytra, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 29. nóvember 2011, tillögu að deiliskipulagi Lyngáss. Tillagan tekur til 9 lóða fyrir íbúðarhús og 1 lóðar fyrir skemmu á um 5 ha svæði. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Syðri-Hóll, Efri-Hóll, Rangárþingi eystra, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 8. desember 2011, tillögu að deiliskipulagi úr landi Syðra-Hóls og Efra-Hóls. Tillagan tekur til 11 ha svæðis og til íbúðarhúss, frístundahúsa og útihúsa. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Bjarkarey, Rangárþingi eystra, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 8. desember 2011, tillögu að deiliskipulagi úr landi Bjarkareyjar í Landeyjum. Tillagan tekur til 3 lóða á um 28 ha svæði fyrir íbúðarhús, gestahús og útihús. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Krókur, Ásahreppi, breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Ásahrepps samþykkti þann 5. júlí 2011, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Króks, dags. 15. maí 2007. Breytingin tekur til breytinga á byggingarskilmálum fyrir svæðið og breytingu á byggingareitum á lóðum 5 og 7. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 30. janúar 2012.

F.h. Ásahrepps, Rangárþings eystra og Rangárþings ytra,

Rúnar Guðmundsson,
skipulagsfulltrúi Rangárþings bs.

B-deild – Útgáfud.: 14. febrúar 2012